

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 4. júní 2015 kl. 9-11.

Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Edda Kjartansdóttir, Klara E. Finnbogadóttir, Svanhildur M. Ólafsdóttir og Sólrún Harðardóttir.

Fundarstaður

Samband íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30.

Umræðuefni

- Fagráðsfundur í næstu viku (9/6), dagskrá og undirbúningur
- Norrænt samstarf
- Endurmenntunarsjóður grunnskóla
- Sjóðakerfið: Meginatriði til að setja fram í stefnu fagráðsins
- Lærdómssamfélagið
- Tímasetning á haustfundi fagráðs
- Önnur mál

Fagráðsfundur í næstu viku

Drög að dagskrá fagráðsfundar lítur svona út og hafa verið send út.

1. Future Teachers – umræða út frá greinargerð vinnuhóps (sjá: <http://starfsthroukennara.is/wp-content/uploads/2015/02/greinargerðLOK300315.pdf>)
2. Svör hagsmunaaðila við bréfi varðandi hlutverk, ábyrgð og skyldur. (Svör sem borist hafa má finna á eftirfarandi slóð: <http://starfsthroukennara.is/stefnumotunarvinna/>)
3. Norrænt samstarfsverkefni
4. Vinnan framundan
5. Önnur mál.

Farið var yfir dagskrána.

(1) Aðalheiður mun fylgja úr hlaði greinargerð vinnuhópsins um ráðstefnuna í ágúst. Skipað verður í umræðuhópa og tillögum sem fram koma í greinargerð skipt á milli. Hver hópur skili af sér minnispunktum skriflega. Tími í dagskrárliðinn um klukkustund.

(2) Frágengið er að opni fundurinn verði 31. ágúst kl. 10-14 í Gerðubergi. Samband íslenskra sveitarfélaga mun sjá um að streymt verði frá fundinum. Talsvert var rætt um hvernig við ætlum að nálgast viðfangsefnið núna á fagráðsfundinum og einnig opna fundinum í haust. Líta má þannig á að við séum að undirbúa opna fundinn í ágúst á fagráðsfundinum. Við þyrftum að skoða útfrá ákveðnum þemum hvernig mismunandi aðilar tjá sig. Nefnd voru eftirfarandi þemu: fjármagn, skipulag, aðstæður, skilgreining og samstarf. Ákveðið var að hagsmunaaðilar fylgdu starfi sínu eða svörum í stuttu máli úr hlaði á fagráðsfundinum og síðan væri efnt til umræðu með öllum fundarmönnum. Átta verður sig á hvað er sameiginlegt í sýn hagsmunaaðilanna, hvað ólíkt og hvar þá greinir á. Mögulega þyrfti lítill vinnuhópur að

undirbúa frekar umræðuna á opna fundinum í lok ágúst. Rætt um að óhætt væri að fara að auglýsa opna fundinn. Tími í dagskrárliðinn er um klukkustund.

Norrænt samstarf

Sigurjón Mýrdal fór nýlega á fund í Kaupmannahöfn ásamt Björk Óttarsdóttur. Í framhaldi af ráðstefnunni Future Teachers og skýrslu um hana var lagt til að stofnuð yrði norræn nefnd um starfsþróun kennara. Nú er þessi nefnd orðin að veruleika og var þetta hennar fyrsti fundur. Um er að ræða 13 manna embættismannanefnd. Fundirnir verða alls þrjár og er sá næsti á áætlun í Reykjavík í september nk. Áætlað er að nefndin skili af sér í desember. Viðfangsefni nefndarinnar eru m.a. tilhögun kennaramenntunar, gæði hennar, hæfni þeirra sem mennta kennara, fagmennska skólastjórnenda og leiðir inn í kennarastarfið.

Sigurjón ræddi hugmynd um að þessi nefnd og fagráðið hittust í september. Hugmyndin fékk jákvæðar undirtektir og verður hún tekin fyrir á fagráðsfundinum.

Endurmenntunarsjóður grunnskóla

Þrátt fyrir að fjármögnun væri ekki 100% tryggð var ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um styrki í sjóðinn. Málið tengist tímabundinni verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Menntamálaráðuneytið hefur óskað eftir því að allsherjar- og menntamálanefnd flytji nefndarfrumvarp um framlengingu sérstakra laga sem varða þau verkefni sem sveitarfélög taka að sér að fjármagna fyrir hönd ríkisins á árinu 2015, fjármögnun Endurmenntunarsjóðs grunnskóla er þar á meðal. Fagráð fylgist með og sé þess viðbúið að senda frá sér bréf leysist ekki úr málefnum sjóðsins og fjármögnun tryggð.

Sjóðakerfið: Meginatriði til að setja fram í stefnu fagráðsins

Á síðasta stýrihópsfundi var rætt um að draga þyrfti út meginatriði til að setja fram í stefnu fagráðsins út frá þeim gögnum sem fyrir liggja í sambandi við sjóðakerfið. Sólrún lagði fram plagg í þessa veru og óskaði eftir viðbrögðum við því. Það byggði á greinargerð vinnuhóps og umræðum á síðasta fagráðsfundi. Í greinargerð vinnuhópsins voru ákveðin atriði lögð fyrir fagráð sem ekki hafa fengið þar umræðu. Bent á að ýmislegt komi líka fram í *hlutverk, ábyrgð og skyldur – svörum*.

Umræða um stefnu fagráðsins og vilja til að fara að sjá meiri afrakstur. Varað við að lokaskýrslan verði ekki of löng, og verði ekki endurtekning á fyrri skýrslum.

Lærdómssamfélagið

Umræðu frestað.

Tímasetning á haustfundi fagráðs

Lagt til að fundurinn verði í lok september.

Önnur mál

Edda Kjartansdóttir sagði frá fyrirkomulagi varðandi „mentoring“ í Finnlandi (byggt á gögnum frá Noregi). Vert að horfa til. Allir nýir kennarar fá stuðning. Ríki sér til þess að háskólar hafi svigrúm til að fræða þá sem veita slíkan stuðning úti í skólunum. Hvert sveitarfélag skipuleggur þetta markvissa starf. Í samhenginu minnir Edda á nám í boði fyrir þá er leiðbeina

nýliðum og kennaranemum sem skipulagt er af HA og MVS. Þetta nám er nú boðið endurgjaldslaust.

Sagt frá opnum fundi á vegum samstarfsnefndar KÍ og MVS/HÍ í byrjun nóvember um vettvangsnám og er verið að horfa til þess að biðja Kari Smith að vera þar með erindi ef hún verður á landinu á þessum tíma.

Námstefna á vegum Skólastjórafélagsins um kennslufræðilega forystu stjórnenda verður haldinn 9. október. Fyrirlesari þar verður Vivianne Robinson, prófessor við háskólann í Auckland, Nýja Sjálandi.

Sólrún Harðardóttir tók punkta